

Sp.

372. Fyrirspurnir.

[190. mál]

I. Til samgönguráðherra um veg í Mánárskriðum.

Frá Eyjólfí K. Jónssyni.

Hvað líður áætlunargerð um nýtt vegarstæði í Mánárskriðum á Siglufjarðarvegi?

II. Til sjávarútvegsráðherra um framkvæmd reglugerðar um lágmarksstærðir fisktegunda.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Í reglugerð nr. 262 6. júlí 1977 segir svo: „Skylt er að hirða allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem kemur í veiðarfæri íslenskra fiskiskipa: Þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli og karfi.“

Spurt er: Hvernig er háttað framkvæmd og eftirliti með reglugerðinni að því er þetta ákvæði hennar varðar?

2. Hve mikið var á s. l. ári gert upptækt af fiski undir lágmarksstærð samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar?